

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Fiskislóð 16-32 og Grandagarður 39-93.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 8. september 2021, breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og 39-93 við Grandagarð. Í breytingunni felst að lóð B er stækkuð til að umlykja núverandi hús að Fiskislóð 28 og lóð C minnkar sem því nemur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugardalur – austurhluti.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 19. október 2021, breytingu á deiliskipulaginu „Laugardalur – austurhluti“ vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Fossvogsvegur 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 3. nóvember 2021, breytingu á deiliskipulagi Vigdísarlundar vegna lóðarinnar nr. 8 við Fossvogsveg. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir 15 bíla bílageymslu neðanjarðar ásamt rampa niður í hann, byggingarmagn eykst sem nemur bílakjallaranum og er hann neðanjarðar. Heimild til að gera bílastæði framan við húsið er breytt úr 21 bílastæði í allt að 10 bílastæði, einnig er gerð heimastursgata innan lóðar og fallið frá því að bakkað sé þaðan út á Fossvogsveg. Bílastæðaskilmálar eru endurskilgreindir til samræmis við „Hjóla og bílastæðareglur Reykjavíkurborgar“ og geta því að hámarki orðið 25 bílastæði á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kvistaland 26.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 26. nóvember 2021, breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 26 við Kvistaland, leikskólinn Kvistaborg. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir tíma-bundnar kennslustofur á lóð vegna framkvæmda á húsnæði leikskólans. Reiturinn er staðsettur þar sem nú eru bílastæði á suðausturhluta lóðarinnar og breytist núverandi nýting lands þar tímabundið á meðan á framkvæmdum stendur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Koparsléttu 4-8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 26. nóvember 2021, breytingu á deiliskipulagi Esjumela, athafnasvæðis, vegna lóðanna nr. 4 og 6-8 Koparsléttu. Í breytingunni felst sameining lóðar 4 við lóð 6-8, sameining tveggja byggingarreita á lóðunum í einn, smávægileg færsla á legu og stærð innkeyrslu á sameinaða lóð frá Koparsléttu

Nr. 1497

8. desember 2021

og krafa um mænishæð er felld niður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 8. desember 2021.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2021